

Könnun meðal fjármálastjóra - maí 2015

Er vorið komið?

Meðfylgjandi eru niðurstöður úr þriðju könnun Ráðgjafarsviðs Deloitte meðal fjármálastjóra stærstu fyrirtækja á Íslandi sem framkvæmd var í apríl. Könnunin var sett á laggirnar að fyrirmynd Deloitte á alþjóðavísu og tilgangur hennar er að sýna mat fjármálastjóra á stöðu fyrirtækja og efnahagsumhverfisins. Þessi könnun er gerð tvisvar á ári. Sendur var spurningalisti til fjármálastjóra 300 stærstu fyrirtækja landsins og viljum við þakka þeim kærlega fyrir þátttökuna og vonumst til áframhaldandi þátttöku og samstarfs.

Niðurstöður sýna að nokkur óvissa er nú í rekstrarumhverfi fyrirtækja. Niðurstaða kjarasamninga er einn helsti áhættuþáttur í rekstri fyrirtækja en vaxtastig og verðbólga voru einnig nefnd sem helstu áhættuþættir. Aðspurðir telja fjármálastjórar stýrivexti Seðlabankans of háa. Meirihluti fjármálastjóra telur að mikið framboð af lánsfé sé til staðar en að kostnaður við lánsfé sé hár og álag banka á grunnvexti of hátt. Fjárhagslegar horfur hafa lítið breyst en mat á fjárhagslegum horfum og fjárhagslegri áhættu er mjög svipað og það var fyrir ári síðan í apríl 2014.

Það eru þó jákvæð teikn á lofti. Almennt gera fyrirtæki ráð fyrir litlilegri hækkun í tekjum og EBITDA á næstu tólf mánuðum. Meirihluti fyrirtækja stefnir á fjárfestingar á árinu 2015 og fleiri fyrirtæki gera ráð fyrir fjölgun starfsmanna nú en í síðustu könnun eða 34% í stað 24%. Fleiri fjármálastjórar telja að nú sé góður tími til að auka áhættu í rekstri eða 18% í stað 10% fyrir sex mánuðum síðan.

Meirihluti fjármálastjóra er bjartsýnn um hagvaxtarhorfur til næstu tveggja ára og telur að hagvöxtur á Íslandi muni aukast. Mun fleiri fjármálastjórar telja jákvæðari hagvaxtarhorfur nú en í síðustu könnun í október 2014. Spurt var um mat fjármálastjóra á hlutabréfamarkaði og spáðu flestir að Úrvalsvisitala Kauphallarinnar myndi hækka nokkuð á næstu sex mánuðum.

Aðspurðir um helstu áherslur í rekstri til næstu tólf mánaða nefna fjármálastjórar helst lækkun kostnaðar, innri vöxt og lækkun skulda. Íslensk fyrirtæki eru almenn talin vera of skuldsett en það virðist vera að draga úr fjölda fyrirtækja sem eru talin of skuldsett og færri fyrirtæki leggja áherslu á að draga úr skuldsetningu en aður.

Kannað var hvaða áhrif viðræðuslit íslenskra stjórnvalda við Evrópusambandið hefði haft á stærstu fyrirtækin en meirihluti fyrirtækja telja að þau hefðu engin áhrif eða 77% aðspurðra.

Tengiliður:

Árni Jón Arnason
Meðeigandi, Ráðgjafarsvið
Sími: 580-3035
aja@deloitte.is

Ábyrgðarmaður:


Ágúst Heimir Ólafsson
Sviðsstjóri Ráðgjafarsviðs
Sími: 580-3056
aho@deloitte.is

Hægt er að nálgast könnunina á heimasíðu Deloitte:
www.deloitte.is

Ráðgjafarsvið Deloitte veitir fyrirtækjum, lögaðilum og einstaklingum fjármálatengda þjónustu og ráðgjöf. Sérfræðingar leitast við að tryggja að lausnin skili árangri og skilji eftir verðmæta þekkingu hjá viðskiptavininum.


Á heimasíðu Deloitte má sjá upplýsingar um þjónustuframboð Ráðgjafarsviðs Deloitte, www.deloitte.is

1. Hvaða ytri áhættuþættir hafa helst áhrif á rekstur þíns fyrirtækis?



* Merkja mátti við fleiri en einn valkost


2. Hvaða áhrif hafa viðræðuslit við Evrópusambandið á þitt fyrirtæki?



Fjármögnun fyrirtækja

3. Telur þú að útgáfa nýs hlutfjár sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?


Útgáfa nýs hlutfjár og skuldabréfa er talin hagkvæm fjármögnunarleið en ekki lántaka hjá bönkum.



■ Já ■ Nei

Fjármálastjórar telja of hátt álag á grunnvexti hjá bönkum.


4. Telur þú að útgáfa skuldabréfa sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?



■ Já ■ Nei


5. Telur þú að ný lántaka hjá bönkum sé hagkvæm fjármögnunarleið fyrir fyrirtæki við núverandi aðstæður?

Fjármálastjórar telja of hátt álag á grunnvexti hjá bönkum.



■ Já ■ Nei

6. Hvernig metur þitt fyrirtæki álag banka á grunnvexti vegna lánveitinga?




■ Of hátt álag ■ Álag í meðallagi


7. Hlutfall fjármálastjóra sem telja íslensk fyrirtæki of skuldsett

Íslensk fyrirtæki eru talin vera of skuldsett.

Það virðist vera að draga aðeins úr skuldsetningu og færri fyrirtæki stefna nú að því að draga úr skuldsetningu en fyrir 6 mánuðum síðan.




8. Hver er líkleg þróun þegar kemur að skuldsetningu þíns fyrirtækis á næstu 12 mánuðum?



9. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um framboð á nýju lánsfé fyrir fyrirtæki?

Meirihluti fjármálastjóra telur að mikið framboð af lánsfé sé til staðar en að kostnaður við lánsfé sé hár.




10. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um kostnað við nýtt lánsfé fyrir fyrirtæki?



Verðlagning á markaði

11. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að muni eiga við um OMX18 vísitöluna eftir 6 mánuði?

Meirihluti fjármálastjóra telur að Úrvalsvísitalan muni hækka nokkuð á næstu 6 mánuðum. Meiri bjartsýni ríkir nú um hlutabréfa-markaðinn en í október sl.




Á fyrstu fjórum mánuðum ársins hefur vísitalan hækkað um 5%.


12. Hver af eftirfarandi fullyrðingum telur þú að eigi við um ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa

Almennt er ávöxtunarkrafa ríkisskuldabréfa talin eðlileg.

Yfirgnæfandi meirihluti telur að stýrivextir Seðlabankans séu of háir.




13. Hlutfall fjármálastjóra sem telja stýrivexti Seðlabanka Íslands of háa




14. Hlutfall fjármálastjóra sem telja að hagvöxtur á Íslandi á næstu tveimur árum muni aukast

Meirihluti fjármálastjóra er bjartsýnn um hagvaxtarhorfur til næstu tveggja ára og telur að hagvöxtur á Íslandi muni aukast. Stór hluti telur þó að hagvöxtur muni standa í stað. Bjartsýni hefur aukist frá því í október 2014.




15. Hvað telur þú að eigi við um verðmat á atvinnuhúsnæði?




Staða fyrirtækja

16. Hvernig telur þú að tekjur í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?

Flest fyrirtæki gera ráð fyrir litillegri aukningu tekna og EBITDA á næstunni.




17. Hvernig telur þú að EBITDA í þínu fyrirtæki muni þróast á næstu 12 mánuðum?



18. Hefur fjárhagsleg áhætta fyrirtækis þíns breyst á síðustu 12 mánuðum?

Almennt telja fyrirtæki að ekki hafi dregið úr fjárhagslegri áhættu í rekstrarumhverfi fyrirtækja.

Staðan virðist vera sú sama og fyrir ári síðan.




Fjárhagsleg áhætta getur m.a. tekið til skuldsetningar, óvissu, verðmats eigna og vaxtastigs.

19. Telur þú fjárhaglegar horfur fyrirtækis þíns hafa breyst á síðustu 3 mánuðum?


Fjárhagslegar horfur hafa lítið breyst sl. 3 mánuði.

Mat á fjárhagslegum horfum er mjög svipað og það var í apríl 2014.

Fyrirtæki gera ráð fyrir að hagnaður muni aukast frá fyrra ári eða standa í stað.




20. Hvaða breytingu áætlar þú á hagnaði íslenskra fyrirtækja frá 2014 til 2015?




21. Hvernig mun ráðning nýrra starfsmanna breytast á næstu 12 mánuðum?

Fleiri fyrirtæki gera ráð fyrir fjölgun starfsmanna nú en í síðustu könnun eða 34% fyrirtækja.

Flest fyrirtæki stefna á fjárfestingar á árinu 2015 eða 72%.




22. Stefnir þitt fyrirtæki á fjárfestingar á árinu 2015?




Um fyrirtækin

23. Undir hvaða atvinnugrein fellur þitt fyrirtæki?


Flest svör fengust frá fyrirtækjum í smásölu/heildsölu.



24. Hver var velta fyrirtækisins á síðasta ári?




25. Hvert er hlutfall tekna í erlendri mynt af heildartekjum?




26. Hvernig metur þú vaxtataækifæri fyrirtækisins í dag í samanburði við fyrir 6 mánuðum síðan?

Vaxtataækifæri eru almennt svipuð eða nokkuð betri.



Fleiri fjármálastjórar telja að nú sé góður tími til að auka áhættu en í síðustu könnun.

27. Telur þú að nú sé góður tími til að auka áhættu í efnahagsreikningi?




28. Á hvað af eftirfarandi verður lögð áhersla á innan fyrirtækisins á næstu 12 mánuðum? Merkja má við fleiri en einn valkost.

Flest fyrirtækin stefna á að lækka kostnað og stækka með innri vexti.

Áherslur nú eru mjög svipaðar og í apríl 2014.

Helsta breyting á niðurstöðum er að dregið hefur aðeins úr áherslu á stækkun með innri vexti og áhersla á lækkan kostnaðar hefur aukist.





Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee ("DTTL"), its network of member firms, and their related entities. DTTL and each of its member firms are legally separate and independent entities. DTTL (also referred to as "Deloitte Global") does not provide services to clients. Please see www.deloitte.com/about for a more detailed description of DTTL and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries and territories, Deloitte brings world-class capabilities and high-quality service to clients, delivering the insights they need to address their most complex business challenges. Deloitte's more than 200,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This communication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this communication, rendering professional advice or services. No entity in the Deloitte network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this communication.

© 2015. For information, contact Deloitte ehf.